



Til: Atvinnuveganefndar Alþingis
Alþingi við Austurvöll
nefndarsvid@altingi.is

3. nóvember 2014

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (Hvammsvirkjun), 244. mál.

NASF, Verndarsjóður villtra laxastofna, mótmælir harðlega *Tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141* sem lögð var fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014-15. Tillagan felst í að færa Hvammsvirkjun úr biðflokki yfir í orkunýtingarflokk og byggist á röksemdum í fylgiskjali frá Verkefnastjórn Rammaáætlunar.

Í röksemdafærslu Verkefnastjórnar er sannleikanum hliðrað til í veigamiklum atriðum og málið sett fram með tilvísun til mats faghóps, sem ekki þurfi frekari vitna við – en sem byggir á gefinni forsendu sem orkar mjög tvímælis.

Í lokaorðum kaflans um „Virkjunarkostina í Þjórsá“ í *Greinargerð verkefnisstjórnar rammaáætlunar 21. mars 2014* segir:

„Faghópurinn taldi að nokkuð skýrt mat lægi fyrir á áhrifum hvers virkjunarkosts um sig á laxfiska með gönguhegðun í Þjórsá og komst að þeirri niðurstöðu að óvissa varðandi áhrif Hvammsvirkjunar á laxfiska hefði minnkað nægjanlega til að réttlætlegt væri að færa virkjunina í nýtingarflokk á nýjan leik. Hins vegar hefði ekki verið dregið nægjanlega úr óvissu hvað varðar Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun. Faghópurinn gerði greinarmun á þeim svæðum í Þjórsárkerfinu þar sem útbreiðsla göngufiska er náttúruleg og þeim svæðum þar sem útbreiðslan er vegna atbeina mannsins. Skýrsla faghópsins er aðgengileg á vef rammaáætlunar.“

Hér er ekki rétt með farið því faghópurinn tók þá ákvörðun að ekki þyrfti að huga að vernd laxfiska ofan Hvammsvirkjunar vegna þess að göngufiskur hefði ekki komist þangað nema „vegna atbeina mannsins“ fyrir um mannsaldri síðan þegar laxastigi var byggður við fossinn Búða árið 1991. Hópurinn bjó þannig sjálfur til þá forsendu að einungis þyrfti að vernda náttúruna ef henni hefði ekki verið breytt af mannavöldum og taldi þar með réttlætlegt að nota þetta svæði í tilraunaskyni til að afla upplýsinga um áhrif virkjana í ánni á laxfiska og göngur þeirra (hópurinn taldi m.ö.o. ekki að neinni óvissu hefði verið eytt, einungis að hægt væri að fórna þessu svæði vegna þess að útbreiðsla göngufiska væri ekki „náttúruleg“ þar). Ef þetta sjónarmið ætti að ráða almennt í náttúruvernd á Íslandi væri lítil ástæða til að vernda mikið því landið hefur gjörbreytt af mannavöldum frá landnámi eins og kunnugt er.

Þessi forsenda sem faghópurinn gefur sér (og verkefnisstjórnin skýlir sér síðan á bakvið, sbr. ahugasemdir við *Atriði 5*, líkt og um faglega og ófrávikjanlega meginreglu sé að ræða) hefur einnig að engu þann eignar- og veiðirétt sem hefur mótast þann mannsaldur sem villtir laxfiskar hafa gengið upp fyrir fossinn Búða og hina væntanlegu Hvammsvirkjun. Allan þann tíma hefur laxagengd aukist og þar með væntingar um veiði sem jafnframt hafa haft áhrif á jarðaverð og aðrar eignir á svæðinu. Í ljósi þess að stiginn var í upphafi byggður sem

mótvægisáðgerð vegna umhverfisspjalla annars staðar er eðlilegt að líf og umhverfi villtra laxfiska njóti nú sömu verndar ofan Búða og annars staðar í ánni. Teljari í laxastiganum við Búða sýnir að á nýliðnu sumri gengu fleiri laxar upp á svæðið ofan fossins en nokkru sinni fyrr (1082 skv. bráðabirgðatölum) sem staðfestir að það svæði sem nú stendur til að fórna í tilraunaskyni er orðið að mikilvægri uppeldisstöð fyrir laxastofninn í allri ánni.

Veigamest frá beinu efnahagslegu sjónarmiði er að þetta viðhorf faghópsins gengur þvert gegn þeim eignarrétti og réttmætum væntingum um arðsemi jarða í framtíðinni sem byggst hefur upp undanfarinn mannsaldur í kringum jarðir ofan Búða. Öll skerðing laxastofnsins ofan Hvammsvirkjunar myndi jafnframt spilla laxveiðihlunnindum bænda við neðri hluta árinna vegna minni almennrar laxgengdar. Slík einhliða þjóðnýting einkaeigna borgaranna með styrk ríkisvaldsins í þágu orkufyrirtækis er óásættanleg frá almennu jafnræðissjónarmiði og virðingu fyrir eignarétti fólks.

Grunnrannsóknir á lífríki Þjórsár hafa ekki verið gerðar og umhverfismat á margskonar áhrifum virkjunar á lífríki, umhverfi og mannlíf hefur ekki farið fram; né heldur ítarlegt áhættumat vegna skjálftavirkni og eldgosa á svæðinu. Þá hafa áhrif virkjunar á laxastofna árinna ekki verið rannsökuð, eins og Alþingi samþykkti að þyrfti að gera. Þess utan gengur það gegn heildarmarkmiðum rammaáætlunar að kippa stökum kostum á milli flokka til að elta frumkvæði og áform eins orkufyrirtækis án þess að nokkurt heildstætt umhverfismat liggja fyrir á áhrifum slíkrar stefnubreytingar eða á áhrifum þeirra virkjanakosta sem eru nú þegar í nýtingarflokki. Með slíkri hegðun væri hið opinbera að missa frá sér skipulagsvaldið í nýtingu náttúruauðlinda án þess að hafa hugmynd um afleiðingar gjörða sinna fyrir náttúru og mannlíf í landinu.

Að lokum er vert að minna enn einu sinni á að sérfræðingahópur NASF hefur lagt fram fjölmargar fyrirspurnir til Landsvirkjunar og yfirvalda vegna fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda í neðri hluta Þjórsár en ekki fengið nein svör – sem vekur upp grunsemdir um að ekki liggja fyrir neinar grundvallarupplýsingar um vatnafar og lífríki á svæðinu til að forsvaranlegt sé að hreyfa hugmyndum um að þoka virkjanaáformum þar á framkvæmdastig.

Að öllu samanlögðu fullyrðir NASF að engri óvissu hafi verið eytt um afdrif laxastofna í Þjórsá, ef af Hvammsvirkjun yrði (og er sú fullyrðing í samræmi við ráðgjöf faghópanna sem Verkefnisstjórnin vísar til). Öll fyrirliggjandi þekking á áhrifum virkjana á göngur laxfiska staðfestir það álit faghópsins að virkjanir muni spilla búsvæðum og niðurgönguleiðum og þannig útrýma göngufiskum ofan virkjana – og hafa um leið mjög neikvæð áhrif á heildarstofnstærð laxfiska í ánni (ef af öllum þremur virkjunum yrði í Þjórsá mætti því tala um gjöreyðingu). Íslensk stjórnvöld eru skuldbundin af alþjóðasamningum að láta slík ósköp ekki gerast af mannavöldum. Í þeim skuldbindingum eru engar undanþágur í boði sem byggjast á flokkun villtra göngufiska í „náttúrulegu“ umhverfi og í umhverfi sem hefur orðið til „vegna atbeina mannsins“ – sérstaklega ekki ef sá atbeini mannsins hefur verið til að bæta fyrir umhverfisspjöll annars staðar.



Orri Vigfússon formaður NASF